FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenska sem annað mál
Námsgrein:	íslenska sem annað mál
Viðfangsefni:	A0-A1 í evrópska tungumálaramma
Skammstöfun:	ÍSAN1AA05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Námskeiðið er ætlað byrjendum í íslensku. Áhersla er lögð á að finna leið fyrir nemendur til að nálgast tungumálið eins og hentar þeim best, þannig að þeir hafi gaman af náminu. Nemendur eru hvattir til að nota tungumálið í daglegu lífi og unnið er með aðstæður og samtöl sem nýtast nemendum dags daglega. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði í íslensku og byggi upp orðaforða sem tengist daglegu lífi þeirra og athöfnum. Öll málfræði er unnin í samhengi við orðaforða námskeiðsins.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • algengustu orðum og orðasamböndum sem tengjast daglegu lífi, • grunnatriðum í beygingafræði og setningaskipan, • grunnatriðum í framburði.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skilja algeng orð og einfaldar setningar sem tengjast athöfnum daglegs lífs, • tjá sig í einföldum setningum og orðasamböndum í mæltu máli, t.d. til að kynna sig og tala um daglegt líf og líðan, • lesa og skrifa einfaldar setningar um persónulega hagi og daglegt líf.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nota einföld orðasambönd og mynda einfaldar setningar í samskiptum í daglegu lífi, • vinna sjálfstætt til að halda áfram tungumálanámi sínu þegar námskeiði lýkur, • öðlast meiri innsýn í íslenska menningu og samfélag.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.